

170. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, mánudaginn 13. desember 2021 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Sameiginlegur fundur með skóla- og frístundaráði og skipulags- og umhverfisráði vegna máls nr. 1 á dagskrá. Eftir taldir áheyrarfulltrúar voru boðaðir á fundinn: ungmennaráð, notendaráð um málefni fatlaðs fólks á Akranes, starfshópi um uppbyggingu á starfsemi Fjöliðjunnar og starfsmenn á velferðar- og mannréttindasviði. Sameiginlegur fundur með skipulags- og umhverfisráði vegna máls nr. 2 á dagskrá. Eftir taldir áheyrarfulltrúar voru boðaðir á fundinn: ungmennaráð, notendaráð um málefni fatlaðs fólks á Akranes, starfshópi um uppbyggingu á starfsemi Fjöliðjunnar og starfsmenn á velferðar- og mannréttindasviði. Fundur haldinn á Dalbraut 4 en einnig í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2112081 - Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8

Kynning á fyrirhugaðri uppbyggingu á Samfélagsmiðstöð á Akranesi.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar ítarlega og góða kynningu.

Velferðar- og mannréttindaráð fagnar hugmyndum um uppbyggingu "Samfélagsmiðstöðar" á Dalbraut 8. Um er að ræða nýtt húsnæði þar sem starfsemi Fjöðjunnar, Hver (Starfsendurhæfing Vesturlands) og frístundastarf fyrir börn og ungmenni (Þorpið frístundamiðstöð) mun fara fram og jafnframt önnur viðeigandi starfsemi svo sem frístundastarf fyrir hinn almenna íbúa á Akranesi.

Með Samfélagsmiðstöð nást markmið sem endurspeglar geta margbreytileika samfélagsins, og eykur möguleika íbúa á fjölbreytni í tengslamyndun og samfélagslegri þátttöku. Velferðar- og mannréttindaráð fagnar jafnframt að gert sé ráð fyrir að ná þessum stóra áfanga með hagkvæmari hætti en áður hafði verið gert ráð fyrir.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir ofangreind áform um uppbyggingu Samfélagsmiðstöðvar.

2. 2112083 - Áhaldahús og endurvinnsla Fjöliðjunnar

Kynning á hugmyndum uppbyggingu á nýju áhaldahúsi og Fjöliðjunni endurvinnslu.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar ítarlega og góða kynningu.

Velferðar- og mannréttindaráð fagnar og samþykkir uppbyggingu á nýju húsnæði fyrir áhaldahús og endurvinnslu Fjöliðjunnar ásamt möguleika á aðstöðu fyrir

starfsemin Búkollu (nýtjamarkaður).

Fundargerð samþykkt af Liv Aase með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.